




Vegagerðin
Magnús Björnsson
Verkefnastjóri
Búðareyri 11-13
730 Reyðarfirði

Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is
ingasoley@fornleifavernd.is

Egilsstaðir 3. apríl 2006

Tilvísun: Fvr 2006020013 /ISK

Efni: Ný veglina stofnvegur um Arnórsstaðarmúla

Þann 2. febrúar hafði Magnús Björnsson, verkefnastjóri hjá Vegagerðinni, samband við minjavörð vegna fyrirhugaðrar nýrrar veglinu stofnvegur um Arnórsstaðarmúla meðfram Gilsá. Fyrirhuguð vegalína liggur úr landi Skjöldólfsstaða meðfram norðurhlið Gilsá og norðan megin við Ármótasel. Minjavörður kynnti sér heimildir um svæðið og skoðaði einnig aðstæður á vettvangi. Umsögn Minjavarðar fyrir hönd Fornleifaverndar ríkisins var svo send Vegagerðinni þann 6. febrúar.

Minjavörður fékk svo síðar ábendingu frá Magnúsi um fornleifar sem höfðu yfirsést við vettvangskönnun. Snýr því þessi umsögn að þeim minjum en fyrri umsögn gildir þó enn hvað varðar minjar Ármótasels.

Skammt vestan Gilsá, þar sem veglina þverar ána eru tóftir eftir fjárhús sem vinnumaður frá Arnórsstöðum reisti á 19. öld. Fyrirhuguð veglina um Arnórsstaðarmúla sker fjárhúsin. Best væri ef hægt er að færa veglinu frá tóftinni. Er þá miðað við 20 m fjarlægð. Ef ekki reynist unnt að færa veglinu þarf að fara fram fornleifarannsókn á tóftinni. Gera þyrfti könnunarskurð í gegnum tóftina og yrðu frekari ákvarðanir teknar út frá niðurstöðum könnunarinnar.

Ennfremur vill Fornleifavernd ríkisins þakka Vegagerðinni fyrir ábendinguna og er hún til sóma. Fornleifavernd ríkisins minnir að lokum á 13. gr. Þjóðminjalaga

13. gr.

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

Virðingarfyllst
f.h. Fornleifaverndar ríkisins



Inga Soley Kristjónudóttir
Minjavörður Austurlands